

Alþingi
Erindi nr. P 127/524
komudagur 12.12.2001

Samband dýraverndunarfélaga Íslands SDÍ.

Fjölfnisvegi 16, 101 Reykjavík. Sími og Fax 5523044 - Netfang: dyravernd@dyravernd.is

Reykjavík 12. desember 2001.

Nefndasvið Aþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Tillaga til þingsályktunar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands SDÍ hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, sem lögð hefur verið fram á 127. löggjafarþingi 2001-2002 og eru flutningsmenn Alþingismennirnir Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson. SDÍ fagnar mjög tillögu þessari, sem felur í sér að mörkum friðlandsins í Þjórsárverum verði breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna og einnig að áætlun verði gerð um friðun Þjórsár frá mörkum friðlandsins í Þjórsárverum til suðurs að Sultartangalóni.

Til Þjórsárverafriðlands var stofnað árið 1981 með heimild í lögum um náttúruvernd og njóta Þjórsárver sérstakrar verndar bæði sem friðland og sem Ramsar-svæði, sem staðfestir sérstöðu og mikilvægi þess sem votlendis á heimsvísu. Verin eru vel afmörkuð heild og það svæði á Íslandi þar sem áhrifa manna gætir hvað minnst. Enda þótt Þjórsárver séu geysistór er umtalsvert gróðurlendi enn utan marka núverandi friðlands en líta verður á það sem hluta af heildarsvæðinu, því ásamt verunum, jökulkvíslunum, jöklinum að baki og aðliggjandi auðnum, myndar allt þetta svæði einstakt vistkerfi og er hluti stórfenglegrar landslagsheildar með margbreytilegu fugla- og dýralífi, gróskumiklu gróðurfari og fjölbreyttu vatnakerfi.

Þjórsárver eru stærsta varpland heiðagæsar í heiminum og fræðimenn hafa verið sammála um að verin geti haft úrslitaáhrif fyrir tilveru heiðagæsastofnsins alls en talið er að allt að $\frac{3}{4}$ hlutar alls heiðagæsastofns í heiminum hafi orpið í Þjórsárverum. Þjórsárver eru einnig gífurlega mikilvæg varpstöð fyrir fleiri fugla en margar fuglategundir í heiminum eiga nú á hættu að verða útrýmt og hverskonar röskun í Þjórsárverum stofnar varplöndum heiðagæsarinnar og annarra fugla í hættu og til þess má ekki koma. Þar er einnig að finna fjölbreyttasta smádyra- og skordýralíf á landinum og jafnframt er þar verðmætt beitiland.

Það verður því að líta á Þjórsárver í mun víðara samhengi, því ekki er það af engu, sem heiðagæsin hefur valið sér þar búsvæði. Alþjóðleg fuglaverndarsamtök, Bird Life International, hafa sent frá sér erindi þar sem hvatt er til verndunar Þjórsárvera og að forðast verði að skerða það landsvæði sem heiðagæsarstofninn hér á landi notar fyrir mökun og beitolnd. Enn fremur segir að vernda þurfi verin vegna varps mófugla, anda, sendlinga- og óðinshana og vegna möguleika fugla á að nýta svæðið.

Þjósárver eru jafnframt sú gróðurvin á hálendi Íslands, sem talin er hvað dýrmætust. Landslag er þar stórbrotið, vatnafarið öflugur þáttur í lífríkinu og vistkerfi veranna er óvenju tegundaríkt og mikilvægt til viðhalds á mörgum tegundum dýra og plantna. Þar er einnig að finna fjölbreyttar búsvæðagerðir svo sem rústir og þar er sífreri og flæðiengi.

Eins og að framan segir eru Þjósárver einstæð vin á miðhálendi Íslands. Þau eru umlukin auðnum á alla vegu og eiga ekki sinn líka hvað varðar fjölbreytilegan gróður og fuglalíf. Gróðureyðing í aldaráðir er alvarlegasta vandamál náttúruverndar á Íslandi og því ber að varðveita þessa einstæðu perlu Íslands, eins og framast er kostur og framangreind þingsályktunartillaga er tvímælaust spor í rétta átt.

Virðingarfyllt,

F.h. Sambands dýraverndunarfélaga Íslands,

Sigríður Ásgeirsdóttir formaður.